

# REIKNINGUR

## Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2016.

### Rekstrarreikningur árið 2016

<b>Tekjur</b>	<b>þús. kr.</b>
Framlag ríkissjóðs .....	21.179.433
Framlag sveitarfélaga .....	22.607.955
Önnur framlög .....	<u>809.673</u>
Tekjur alls	<u>44.597.061</u>
<b>Framlög</b>	
Bundin framlög .....	1.116.287
Sérstök framlög .....	9.511.950
Jöfnunarframlög .....	10.150.038
Jöfnunarframlög til reksturs grunnskóla .....	9.733.713
Framlög vegna þjónustu við fatlað fólk .....	<u>14.484.178</u>
Framlög alls	<u>44.996.166</u>
<b>Rekstrarkostnaður</b>	
Laun og launatengd gjöld .....	7.054
Annar rekstrarkostnaður .....	<u>110.703</u>
Rekstrarkostnaður samtals	<u>117.757</u>
Veitt framlög og gjöld alls	<u>45.113.923</u>
Halli/rekstrarafgangur ársins .....	(516.862)
Hreinar fjármunatekjur .....	<u>295.539</u>
Halli/tekjuafgangur ársins .....	<u>(221.323)</u>

### Efnahagsreikningur 31. desember 2016

<b>Eignir</b>	
<b>Veltufjármunir:</b>	
Sveitarfélög, hluti í óinnheimtu útsvari í staðgreiðslu .....	1.983.645
Ríkissjóður, eftirstöðvar, innheimt staðgreiðsla .....	3.539
Áfallnar vaxtatekjur .....	266.211
Aðrar skammtímakröfur .....	<u>30.570</u>
Skammtímakröfur samtals	<u>2.283.965</u>
Handbært fé:	
Bankareikningar .....	5.297.765
<b>Eignir alls</b>	<u>7.581.730</u>
Után efnahagsreiknings .....	14.459.781
<b>Skuldir og eigið fé</b>	
<b>Eigið fé:</b>	
Höfuðstóll .....	<u>1.344.032</u>

Nr. 171/2018

**Skammtímaskuldir:**

Ríkissjóður, lögbundin framlög .....	137.570
Ógreiddur fjármagnstekjuskattur .....	53.242
Ógreidd framlög .....	2.328.502
Aðrar skammtímaskuldir .....	<u>3.718.384</u>
Skammtímaskuldir samtals	<u>6.237.698</u>
Skuldir samtals	<u>6.237.698</u>

**Skuldir og eigið fé alls**

7.581.730

**Sjóðstreymi árið 2016**

**Rekstrarhreyfingar**

*Veltufé frá rekstri:*

Tekjuafgangur/halli samkvæmt rekstrarreikningi .....	<u>(221.323)</u>
Veltufé frá rekstri	(221.323)

*Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:*

Skammtímakröfur (hækkun), lækkun .....	(611)
Skammtímaskuldir (lækkun), hækkun .....	<u>1.902.954</u>
	1.902.343

**Handbært fé frá rekstri** 1.681.020

**Fjármögnunarhreyfingar**

*Breyting á stöðu við ríkissjóð:*

Framlag ríkissjóðs .....	(21.179.433)
Greitt úr ríkissjóði .....	<u>21.336.472</u>
	157.039

Hækkun (lækkun) á handbæru fé ..... 1.838.059

Handbært fé í ársbyrjun ..... 3.459.706

Handbært fé í árslok ..... 5.297.765

**Staðfesting ársreiknings**

Ársreikningur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er gerður í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins og gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Á árinu 2016 var rekstrarhalli Jöfnunarsjóðsins 221,3 m.kr. samanborið við 793,9 m.kr. rekstrarafgang á síðasta ári. Samkvæmt efnahagsreikningi í árslok námu eignir alls 7.581,7 m.kr., skuldir 6.237,7 m.kr. og eigið fé 1.344,0 m.kr.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og formaður ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga staðfesta ársreikning Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2016 með áritun sinni.

Reykjavík, 28. september 2017.

**Jón Gunnarsson**  
samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra.

*Guðný Sverrisdóttir,*  
formaður ráðgjafarnefndar  
Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

## Áritun endurskoðenda

Til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis og ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

### Álit.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2016. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymis- yfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Við staðfestum samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 31. desember 2016, afkomu hans og breytingu á handbæru fé á árinu 2016, í samræmi við lög um ársreikninga og fjárreiður ríkisins.

### Grundvöllur fyrir álit.

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla fyrir opinbera aðila. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér á eftir. Við erum óháðir Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina hafi verið aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að undirbyggja álit okkar.

### Ábyrgð stjórnar á ársreikningnum.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og formaður ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fjárreiður ríkisins. Þeir eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

### Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins.

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg víska er mikið öryggi, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla fyrir opinbera aðila muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla fyrir opinbera aðila og hún byggir á faglegri dómgreind og gagnrýni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að undirbyggja álit okkar. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, villandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Könnum hvort rekstur og umsvif séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjárukalaga og annarra laga, lögmat fyrirmæli, samninga og starfsvenjur þar sem það á við.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir og meta hvort það tryggir viðunandi árangur.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda ásamt tengdum skýringum séu viðeigandi í samræmi við reikningsskilareglur fyrir opinbera aðila.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með taldar skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Nr. 171/2018

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og mikilvæg atriði sem kunna að koma upp við endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

*Ríkisendurskoðun, 28. september 2017.*

**Sveinn Arason** ríkisendurskoðandi.

---

*Sigurgeir Bóasson*  
endurskoðandi.

—————  
B-deild – Útgáfud.: 15. febrúar 2018